

Lagt fram á hluthafafundi:

Solid Clouds hf.
kt. 600913-2550
Vegmúla 2
108 Reykjavík

Haldinn þann 1.4.2026.

Efni: Skýrsla stjórnar sbr. 33. gr., 2. ml. 2. mgr. 47. gr. og 1. ml. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Með vísan til ákvæða b-liðar 2. mgr. 33. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, leggur stjórn Solid Clouds hf. skýrslu þessa fyrir hluthafafund í tengslum við tillögur um lækkun hlutafjár í félaginu og um útgáfu skuldabréfa með breytirétti. Stjórn félagsins leggur til að hlutafé félagsins verði lækkað að nafnverði kr. 573.635.114 til jöfnunar taps sem verður ekki jafnað á annan hátt á grundvelli 1. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og mun nafnverð hlutafjár félagsins eftir lækkun vera kr. 143.408.778.

Þá mun stjórn leggja til að félagið taki lán gegn útgáfu breytanlegra skuldabréfa í samræmi við 47. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, samtals að fjárhæð allt að 400 milljónir króna í þremur áföngum, á grundvelli áskriftarsamnings við kröfuhafa.

Fjárhagsstaða félagsins hefur versnað frá síðasta ársreikningi. Félagið hefur tapað eigin fé og uppfyllir ekki lengur kröfur um lágmarkshlutafé samkvæmt lögum um hlutafélög, sbr. tillögu um lækkun hlutafjár til jöfnunar taps sem lögð er fram á þessum fundi.

Ráðist hefur verið í endurskipulagningu og m.a. dregið umtalsvert úr föstum kostnaði. Þá hefur markaðssókn verið hafin að nýju og merki eru um batnandi arðsemi, en árangur þeirra aðgerða mun ekki skila sér að fullu fyrr en á komandi misserum.

Lausafjárstaða félagsins er þar að leiðandi enn þá þröng og félagið getur ekki staðið við skuldbindingar sínar til skamms tíma án nýrrar fjármögnunar. Stjórn félagsins hefur leitað eftir fjármögnun hjá fjölmörgum aðilum, þ.m.t. fagfjárfestum, lánastofnunum og öðrum hluthöfum, en þær viðræður hafa ekki skilað bindandi skuldbindingum á viðunandi kjörum.

Félagið hefur nú náð samningsramma við 1961 ehf. um björgunarfjármögnun, sem lýst er nánar í tillögum þeim sem lagðar eru fram á þessum hluthafafundi. Ef björgunarfjármögnunin gengur ekki eftir er raunveruleg hættu á að félagið verði ógjaldfært. Stjórn félagsins telur að björgunarfjármögnunin sé því nauðsynleg til að tryggja áframhaldandi rekstur félagsins og að skilmálar hennar séu eðlilegir miðað við aðstæður, sbr. meðfylgjandi sérfræðiskýrslu KPMG ehf.

Reykjavík, 25.3.2026.

Þannig staðfest af stjórn félagsins:

Eggert Árni Gíslason
stjórnarformaður

Andrea Olsen
stjórnarmaður

Davíð Gunnarsson
stjórnarmaður

Elías Skúli Skúlason
stjórnarmaður

Bergþóra Halldórsdóttir
stjórnarmaður